



YTRA MAT - UMBÓTAÁÆTLUN GRUNNSKÓLINN Á ÞINGEYRI

VORSKÝRSLA 2020



Sonja Dröfn Helgadóttir
GRUNNSKÓLINN Á ÞINGEYRI
Fjarðarbraut 24, 470 þingeyri


Vorið 2019 komu á vegum Menntamálastofnunar þær Birna Sigurjónsdóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir og gerðu úttekt á starfi Grunnskólans á Þingeyri. Svokallað ytra mat. Þeir matsþættir sem lágu til grundvallar voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Í framhaldi af úttektinni skiluðu þær skýrslu í maí sama ár þar sem teknir voru saman styrkleikar skólans í hverjum þætti og hvar tækifæri var til umbóta. Umbótaáætlun var skilað til Menntamálastofnunar í október 2019.

Skólaárið 2019-2020 var að mörgu leyti óvanalegt. Nýr skólastjóri tók til starfa, en þó einungis til árs, þar sem starfandi skólastjóri fór í fæðingarorlof. Einnig setti veðurlag og Covid-19 starfið töluvert úr skorðum. Reynt var eftir fremsta megni að vinna eftir þeirri áætlun sem sett hafði verið upp, þó svo það hafi ekki tekist í öllum tilvikum.

Hér á eftir má sjá umbótaáætlunina og athugasemdir við hvern lið, eins og staðan er nú, í byrjun júní 2020.

Þingeyri, 12. júní 2020

Sonja Dröfn Helgadóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri og Heilsuleikskólans Laufás



ÁBYRGÐ – VIRÐING – SAMHELDNI – GLEÐI

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili /ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²					
Gera þarf grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans í náms- og kennsluáætlunum.	Lögð er áhersla á, í samtölum við kennara, að þeir komi gildum og stefnu skólans að í náms- og kennsluáætlunum.	2019	Árlegt endurmat. <i>Misjafnt var eftir kennurum hvernig þeir komu þessu að í áætlunum. Hins vegar var unnið með hvern þátt, „ábyrgð – virðing – samheldni – gleði“ í hverjum námshópi.</i>	Skólastjóri – starfsfólk skólans	Endurskoðað árlega.
Skrá þarf formlega starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun sem nær til allra starfsmanna skólans.	Símenntunaráætlun er til endurskoðunar á hverju hausti. Huga þarf að því að festa betur þátt og/eða hlutverk hvers og eins í henni. Það verður gert á haustdögum 2019.	2019	Árlegt endurmat. <i>Símenntunaráætlun er í sífældri endurskoðun og hefur komið fram í ársskýrslu. Samstarf hefur verið á milli skólana innan Ísafjarðarbæjar um þetta starf. Áætlað er að fara í samstarf um þróunarverkefni þar sem áhersla verður á leiðsagnarnám á næsta skólaári.</i>	Skólastjóri	Endurskoðað árlega.
Virkja mætti skólaráðið enn frekar til samstarfs.	Óskað er eftir hugmyndum frá skólaráði hvernig þeir geta séð fyrir sér að aukið samstarf.	2019	2020/árlega endurskoðun. <i>Skólaráð hefur verið virkt á samskiptamiðli, sín á milli. Hins vegar voru allir sáttnir við það starf sem hefur verið</i>	Skólastjóri	Að ári liðnu er farið yfir hverju stefnt var að, hvort það hafi tekist, ef ekki,

			<i>unnið, fannst ekki endilega vera ástæða til að auka það. En allir voru tilbúnir til þess, án þess endilega að geta sett fingur á, í hverju það samstarf ætti að felast.</i>		hver ástæða þess sé. Farið yfir starfið.
• Efla formleg samskipti við grenndarsamfélagið.	Umræður og hugmyndavinna á starfsmanna/ kennara-fundum.	Haust 2019	2020/sífelld endurmat <i>Við munum vera í samstarfi við FRÆ og hverfisráð Þingeyrar um ræktun matjurta á komandi skólaári.</i>	Skólastjóri - kennarar	Endurskoðað árlega.
• Efla frekari samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði.	Umræður og hugmyndavinna með kennurum, áhersla lögð á eldri nemendur.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Samstarf við MÍ hefur verið takmarkað vegna Covid-19. Áætlað var auka samstarf á vormánuðum, en því miður varð ekkert af því. Það er þó til skoðunar á næsta skólaári.</i>	Skólastjóri - kennarar	Endurskoðað árlega.
• Efla samvinnu á milli leik- og grunnskóla í daglegu starfi.	Gott samstarf hefur verið á milli skólastiga. Fundur með starfsfólki skólanna til að ræða hvort það sé mögulegt að auka það enn frekar.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Brúum bilið er verkefni sem unnið hefur verið og verið vel sinnt. Auk þess hafa elstu nemendur leikskólans komið í grunnskólann í kennslustund er kallast „tómstund“ þar sem áhersla er lögð á hreyfingu og ýmsa (náms)leiki.</i>	Skólastjóri – deildarstjóri leikskóla og kennarar grunnskóla.	Endurskoðað árlega.

Móta og skrá þróunar- og umbótaáætlun hvað varðar þau þróunarverkefni sem eru í gangi.	Óskað eftir að kennarar skrái hjá sér, og haldi utan um, þegar þeir eru að vinna að nýjum verkefnum eða nýbreytni í kennslunni. Í framhaldinu sé það sett saman í skjal sem farið er yfir til að finna samnefnara, ef hann er til staðar, sem og sjá hvort áhugi sé á sameiginlegum verkefnum.	Haust 2019	Vor 2020. <i>Kennarar fengu skráningarblað, sjá fylgiskjal 1, þar sem óskað var eftir að þeir myndu skrá niður þau verkefni sem þeir eru að sinna, ný eða eldri, sem og endurmenntunarnámskeið ef þau eru til staðar. Þeirri vinnu er ólokið.</i>	Skólastjóri - kennarar	Endurskoðað árlega.
Endurskoða og uppfæra þarf heimasíðu skólans, setja inn nýjar og réttar upplýsingar og fjarlægja gamlar.	Skólastjóri hefur tekið vel til á heimasíðu og unnið er að því að uppfæra hana.	Haust 2019	Stöðug vinna. <i>Töluverð vinna hefur verið sett í að laga til á heimasíðu. Hins vegar þarf að fara að huga að endurnýjun á henni í samræmi við kröfur í dag. T.d. að hún sé „símavæn“.</i>	Skólastjóri	Vikulega er farið inn á heimasíðu til að fara yfir, setja inn nýjar fréttir, og fjarlægja það sem ekki á við.
Gæta þarf þess að nemendur fái samanlagðan tilskildan heildarkennslustundafjölda á starfsárum þeirra í grunnskóla.	Skólastjóri er vakandi fyrir því, í stundaskráagerð að allir nemendur fái þann tímafjölda sem þeim er ætlað að fá.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Vel hefur verið haldið utan um að nemendur fái tilskyldan kennslustundafjölda, sem og fjölda þeirra stunda sem þeir eiga að fá í hverru fagi fyrir sig.</i>	Skólastjóri	Farið yfir stundaskrár.
Fela kennurum aukna ábyrgð og umboð með verkefnum.	Í viðtölum við kennara og samráði eykur skólastjóri ábyrgð þeirra.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Í viðtölum við kennara kom fram að þeir væru sáttir við þá stöðu sem nú er, ábyrgð þeirra er töluverð nú þegar og vandasamt er að kenna 3 – 4 námshópum í einu, svo</i>	Skólastjóri	Viðtöl við kennara.

			vel sé. Hins vegar eru allir tilbúnir að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin.		
--	--	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
• Gera bekkjarnámskrár fyrir alla árganga og birta á heimasíðu.	Kennarar vinna að bekkjarnámskrám fyrir hvern námshóp. Umsjónarkennari sér um að koma þeim til skólastjóra sem setur á heimasíðu.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Bekkjarnámskrár allra námshópa eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.</i> http://grthing.isafjordur.is/namshopar/	Skólastjóri – kennarar	Við yfirferð/skoðun á heimasíðu að hausti.
• Fram komi í bekkjarnámskrám hvernig unnið er með grunnþætti og lykilhæfni.	Á fundum með kennurum er lögð áhersla á að kennarar komi þessum þáttum inn. Skólastjóri leggur fyrir vinnuskjal þannig að allir séu að vinna eftir sama ramma.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Sameiginlegur rammi var lagður fyrir kennara og þeir beðnir um að koma grunnþáttum og lykilhæfni þar inn.</i>	Skólastjóri - kennarar	Á hverju hausti.
• Birta hæfniviðmið í öllum námsáætlunum.	Sama og hér í liðnum að framan.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Sama og hér að framan.</i>	Skólastjóri - kennarar	Á hverju hausti.
• Vinna markvisst að því að efla árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.	Kennarar séu meðvitaðir um að efla hæfni hvers og eins nemanda, þannig að hann hámarki færni sína í öllum fögum.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Kennarar leggja mikla áherslu á að efla færni hvers nemanda á öllum sviðum. Hins vegar eru árgangar misjafnir og því niðurstöður prófa eftir því.</i>	Skólastjóri – kennarar	Niðurstöður prófa.
• Gera grein fyrir markmiðum kennslustunda og	Kennurum kynntar leiðir til að setja upp markmið, þannig að það sé skýrt hverju stefnt sé að í hverri kennslustund.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Kennarar hafa skrifað á kennslutöflu hvað sé verið að vinna með í hverjum tíma.</i>	Skólastjóri – kennarar	Viðtöl við kennara, sem og nemendur.

verkefna í upphafi stundar.					
• Auka áherslu á markvissa samvinnu nemenda.	Námskeið að hausti, þar sem farið er m.a. í kosti samvinnunáms, sem og leiðir.	Haust 2019	Árlegt endurmat. <i>Kennarar hafa verði öflugir í að efla samvinnu nemenda í hinum ýmsu verkefnum.</i>	Skólastjóri – kennarar	Viðtöl við kennara og nemendur.
• Setja tónmennt á stundaskrá nemenda.	Skólastjóri óskar eftir að auglýst sé eftir tónmenntakennara árlega.	Haust 2020	Árlegt – þ.e. þar til að kennari fæst í starfið. <i>Ekki hefur fengist tónmenntakennari til starfa, áfram verður þó reynt að auglýsa eftir slíkum.</i>	Skólastjóri	Upplýsingar um fög, þ.e. hvort að tónmennt sé inn á stundat. nemenda.
• Auka við valgreinar nemenda í unglingadeild.	Skólastjóri hefur aukið möguleika á námsvali, eins og stærð skólans og tiltæk úrræði bjóða upp á.	Haust 2019	Árlegt. <i>Lögð var áhersla á það í haust að bæta við val unglunga, þó svo það hafi verið takmarkað, þá erum við ávallt vakandi fyrir því að efla það eins og kostur er hverju sinni. Fer það allt eftir mannauði í samfélaginu. Hugmyndir að vali fyrir næsta skólaár má sjá í fylgiskjali 2.</i>	Skólastjóri	Uppl. um val nemenda í unglingadeild.
• Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað og þjálfar nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	Skólastjóri og kennarar leggja til að nemendaping séu haldin reglulega yfir skólaárið. Auk þess sem a.m.k. vikulega séu haldnir bekkjarfundir.	Haust 2019	Vor 2020. <i>Vikulega eru bekkjarfundir nemenda. Eitt nemendaping var á haustönn og var annað áætlað á vorönn, en það féll niður v/Covid-19.</i>	Skólastjóri – kennarar	Kennarar skrá hjá sér og er farið yfir það að vori og það í framh. fest í sessi og sett inn í starfsáætlun.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
Móta og birta opinberlega heildstæða greinargerð um framkvæmd innra mats og umbætur í sérstöku skjali.	Skólastjóri tekur saman upplýsingar um þessa framkvæmd og kemur frá sér.	Haust 2019	Vor 2020. <i>Áætlun var gerð í tengslum við Gæðagreini, þ.e. áherslur sem skoðaðar voru veturinn 2019-2020. Hins vegar var það hvergi birt opinberlega.</i>	Skólastjóri	Að vori er farið yfir, hvort þetta hafi tekist og þá hvernig.
Skilgreina þarf betur markmið, viðmið og leiðir um þann árangur sem stefnt er að.	Skólastjóri í samstarfi við samstarfsfólk fer yfir þennan þátt á fundum, reglulega yfir veturinn. Eða allt þar til ásættanleg og samþykkt áætlun er tilbúin.	Haust 2019	Vor 2020. <i>Ekki gafst tími til að sinna þessum þætti í vetur.</i>	Skólastjóri	Markmið, viðmið og leiðir tilbúið sem skjal sem hægt er að kynna og vinna eftir.
Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaáðgerða.	Skólastjóri í samstarfi við samstarfsfólk vinnur að umbótaáætlun. Kennara- sem og starfsmannafundir nýttir til þessarar vinnu.	Haust 2019	Vor 2020 <i>Umbótaáætlun var unnin í september og október 2019. Hins vegar hefði skólastjóri viljað setja skýrari áherslu á mat á þeirri vinnu sem færi fram en ekki gafst tími til þess, þennan einkennilega vetur.</i>	Skólastjóri	Farið er yfir umbótaáætlun að vori, bætt inn í og/eða tekið út.
Mikilvægt er að skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.	Skólastjóri leggur til að kosið sé í matsteymi, samhliða skólaráði. Jafnvel að þeir sömu sitji á báðum stöðum, sökum fámennis. Þá sé aukið við mikilvægi og verkefni skólaráðs.	Haust 2019	Vor 2010. <i>Skólaráð hefur tekið fyrir innra og ytra mat, þegar það hefur átt við.</i>	Skólastjóri	Samantekt um hvernig til hefur tekist að vori 2020, hvað megi bæta sem og hvort þetta sé gerlegt verkefni.

Fylgiskjal 1

Nafn starfsmanns: _____

Símenntun og önnur starfsþróun 2019-2020



Grunnskólinn á Þingeyri

[illegible]

0 Heildartími til starfspróunar og símenntunar

0 Þar af símenntun/undirbúningur

Fylgiskjal 2

Hugmyndir að valfögum skólaárið 2020-2021

Ekki er tekið hér fram lengd tímabila eða hvers vals. Hins vegar getur það verið breytilegt og verður að taka tillit til þess þegar nemendur sækja um. Umsjón vals er ávallt í höndum umsjónarkennara unglingastigs og utanaðkomandi aðila þegar það á við. Reynt verði að mæta óskum nemenda en þó er það ljóst að ekki er alltaf hægt að koma því við.

Val	Umsjón
Bakstur	Umsjónarkennari og bakameistari (Ísafirði)
Matreiðsla	Umsjónarkennari og Janne
Borðspil	Umsjónarkennari og Helen
Fótbolti	Umsjóunar- og íþróttakennari
Evrópskar kvikmyndir	Umsjónarkennari
Forritun	Umsjónarkennari og samstarf við Blábankann
Íþróttافرæði	Umsjóunar- og íþróttakennari
Skólahreysti	Umsjóunar- og íþróttakennari
Starfsnám á Laufási	Umsjónarkennari og deildarstjóri leikskólans
Crossfit	Umsjóunar- og íþróttakennari
Blak	Umsjónarkennari og Guðrún
Handverk og hönnun	Umsjónarkennari, Borgný og Sonja Elín
Hársnyrtiiðn	Umsjónarkennari og Hulda Hrönn
Fab Lab	Umsjónarkennari
Heimspeki	Umsjónarkennari og Guðmundur Helgi
Myndlist	Umsjónarkennari og Borgný
Útivist og hreyfing	Umsjóunar- og íþróttakennari
Skák	Umsjónarkennari
Snyrting	Umsjónarkennari og Berglind
Eldsmiðja	Umsjónarkennari og Danni
Spænska	Umsjónarkennari og Helen